



Faghópur I

Fundargerð 8. fundar

Umhverfissráðuneytið, 19. mars 2009, kl. 10:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð

Forföll: Freysteinn Sigmundsson

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar (12. mars) var samþykkt með smávægilegum breytingum.
2. **Útprentaðar skýrslur.** Starfsmaður falist eftir útprentuðum skýrslum fyrirestaka orkukosti frá orkufyrirtækjum þar sem óþjálta er að vinna með skýrslurnar á rafrænu formi, einkum ef í þeim eru kort.
3. **Verðmætamat vatnsaflskosta:** Viðmiðunarlínur svæða við fallvötn vegna verðmætamats afmarkast af vatnasvæði ofan stíflu en neðan stíflu verður miðað við meginfarveg og 100 m breitt svæði beggja megin. Þverár verða ekki teknar með nema hvað varðar fisk. Flæðiengi og votlendi við ár verða tekin með og menningarminjar ef hluti þeirra liggur innan 100 m markanna. Jafnframt verður litið til áhrifa flóða á svæðin. Útbreiðsla gulstarar verður höfð til hliðsjónar.
4. **Verðmætamat háhitasvæða:** Matssvæði nær 2 km út fyrir markalínur útbreiðslu háhita samkvæmt viðnámsmælingum en jafnframt skal taka mið af landslagsheild. Sé háhitasvæði staðsett á sléttlendi skal matssvæði ekki ná út fyrir víðernismörk (5 km radíus frá miðju). Rætt var um að eðlilegt væri að líta til a.m.k. til Torfajökuls og Hellisheiðar sem eins svæðis í verðmætamati.
5. **Fyrstu matssvæði.** Á næsta fundi verða verðmætametin háhitasvæðið á Reykjanesi og Skagafjörður og er það hugsað sem æfing.
6. **Þekja yfir menningarminjar.** Sólborg benti á að til væri þekja yfir menningarminjar sem bæta mætti inn á vefsíðu rammaáætlunar. Sólborg mun hafa samband við Þorvald Bragason hjá Orkustofnun vegna þessa
7. **Svifaur í Jöklu.** Starfsmanni falið að afla upplýsinga um svifaur í Jökulsá á Dal en fyrir liggur skýrsla um hversu mikill aur er talinn setjast í Háslón og hversu mikill svifaur berst niður fyrir stíflu.
8. **Fundinum var slitið** kl. 12:30.
9. **Næsti fundur** verður haldinn kl. 10:30 þann 16. apríl í Umhverfissráðuneytinu.